



8. apríl 2020

Sérstök og tímabundin fyrirgreiðsla í formi veðlána

Seðlabankinn hefur ákveðið að bjóða í reglulegum viðskiptum við bankann sérstaka og tímabundna lánaþyrngreiðslu í formi veðlána. Verður fyrsta útboðið haldið 22. apríl 2020. Þetta er gert til að bregðast við því fordæmalausa ástandi sem nú varir og til þess að bjóða fjármálaþyrngreiðslum tímabundið aukinn aðgang að lausafé. Lausafjárstaða fjármálaþyrngreiðslu er nú traust en vegna óvissu um framvinduna er mikilvægt að Seðlabankinn hafi slíkt úrræði til reiðu. Bankinn mun jafnframt útvíkka tímabundið veðlista bankans, þ.e. bæta við þann lista eigna sem hann metur hæfar sem tryggingar í veðlánnum. Til samræmis við ofangreint mun Seðlabanki Íslands breyta reglum nr. 1200/2019 um viðskipti fjármálaþyrngreiðslu við Seðlabanka Íslands. Telji Seðlabankinn ekki lengur þörf á úrræðinu eins og það er sett fram hér getur hann lagt það niður eða breytt því.

Helstu upplýsingar um framkvæmd veðlánanna:

- Vikulega verða boðin veðlán til 7 daga og 3 mánaða.
- Lánin bera veðlánavexti sem nú eru 2,5% en breytingar á vöxtum fylgja vaxtaákvörðunum peningastefnunefndar.
- Viðskiptadagar verða miðvikudagar og fá mótaðilar senda tilkynningu um veðlánaútboð daginn áður.
- Vextir breytast ekki á lánstímanum.
- Lánin eru ekki uppgreiðanleg fyrir gjalddaga.
- Ekki er hægt að nota tryggingar sem falla á gjalddaga á lánstímanum.
- Telji Seðlabankinn þörf á að breyta fyrirkomulagi útboðanna mun hann tilkynna það sérstaklega.

Helstu breytingar sem gerðar verða á veðlista bankans:

- Vikið verður frá skilyrðum m.a. um viðskiptavakt og fjárhæðartakmarkanir sem núverandi reglur setja sértryggðum bréfum.
- Hægt verður að leggja peningamarkaðslán ríkissjóðs hjá viðskiptabönkunum með allt að þriggja mánaða lánstíma að veði.
- Hægt verður að leggja veðgerninga með veði í lánasöfnum að veði fyrir lánnum til 3 mánaða. Umræddir veðgerningar verða á stöðluðu formi sem Seðlabankinn útvegar.
- Breytingar verða gerðar á frádragi og það birt á heimasíðu bankans þegar breytingar hafa verið gerðar á reglum nr. 1200/2019.